Nd. **913. Breytingartillögur** [309. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 20. apríl, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. J-liður 8. gr. orðist svo:
   Óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum, sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir, fyrir sjúklinga, sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi, með eða án innlagningar.
2. 4. mgr. 10. gr. hljóði svo:
   Fullir dagpeningar skulu nema kr. 1647 fyrir einstakling og kr. 448 fyrir hvert barn á framfæri innan 17 ára, þar með talin börn utan heimilis, sem umsækjandi sannanlega greiði með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.